

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 242/2015

2017/EES/38/10

frá 30. október 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1103 frá 8. júlí 2015 um leyfi fyrir betakarótíni sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1152 frá 14. júlí 2015 um leyfi fyrir tókóferólkjarna úr jurtaolíum, tókóferólaúðugum kjarna úr jurtaolíum (δ-auðugum) og α-tókóferóli sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bættist við á eftir 145. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/786) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „146. **2015 R 1103:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1103 frá 8. júlí 2015 um leyfi fyrir betakarótíni sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 57).
147. **2015 R 1152:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1152 frá 14. júlí 2015 um leyfi fyrir tókóferólkjarna úr jurtaolíum, tókóferólaúðugum kjarna úr jurtaolíum (δ-auðugum) og α-tókóferóli sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtíð. ESB L 187, 15.7.2015, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/1103 og (ESB) 2015/1152, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 57.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 187, 15.7.2015, bls. 5.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. október 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.